

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs
5. fundur 20. sept. 2001

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 20. september 2001 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Fundargerð.
2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2001.
3. Kynning og opnun safnsins.
4. Önnur mál.

1. Fundargerð.

Fundargerð 4. fundar var samþykkt óbreytt og undirrituð.

2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2001.

Komið var að endurskoðun fjárhagsáætlunar Kópavogsbæjar sem venjulega fer fram um þetta leyti árs. Minnt var á að fram til þessa hefði kostnaður vegna safnsins verið færður með bókhaldi fjármála- og stjórnsýslusviðs bæjarins, en við endurskoðunina nú yrði safnið gert að sérstakri stofnun (sbr. 3. fg., 1. l.) og fengi sinn eigin deildarlykil. Stjórnin lýsti ánægju sinni með það (sbr. bókun hennar í 4. fg., 4. l.d) og formaður kvað það skref í góðu samræmi við tilganginn með því að verið væri að samræma bókhald sveitarfélaga með samræmdum bókhaldslykli skv. reglugerð frá félagsmálaráðherra. - Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir stöðunni og lagði fram yfirlit úr bókhaldi um áfallinn kostnað til þessa, sem búið er að færa, auk kostnaðaráætlunar sem hann hafði gert drög að fyrir það sem eftir er ársins, en hann hafði verið beðinn að skila tillögum og greinargerð fyrir helgi til framkvæmdastjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs Kópavogsbæjar. - Að lokinni yfirferð og umræðum voru tillögur héraðsskjalavarðar pr. 20.9.-31.12 2001 vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar síðan samþykktar með nokkrum breytingum.

3. Kynning og opnun safnsins.

Rætt var um ýmis fyrirkomulags- og framkvæmdaratriði í tengslum við fyrirhugaða opnun safnsins og kynningu á því sem stefnt er að á næstu vikum.

4. Önnur mál

Engin.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.00.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal

Leó Ingason
héraðsskjalavörður